

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2017, 24. apríl, var haldinn 57. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.35. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, Eva Einarsdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Björn Gíslason, Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gísli Garðarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Óskar J. Sandholt og Oddrún Helga Oddsdóttir. Fundarritari var Sandra Dröfn Gylfadóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefni Karolina Fund með forsætisráðuneyti Finnlands sem svipar til verkefnisins Hverfið mitt.

Ingi Rafn Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 13.37 tekur Gísli Garðarsson sæti á fundinum.
- Kl. 13.42. tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.
2. Lögð fram verkefnistillaga Capacent vegna vinnustofu með hverfisráðum þann 15. maí 2017. Fram fer umræða um fyrirkomulag vinnustofu.
3. Lögð fram tilkynning til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 6. apríl 2017, um staðsetningu umboðsmanns borgarbúa, stjórnskipulega stöðu embættisins og samstarf á sviði eftirlits með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum.
4. Lögð fram ábending Innri endurskoðunar, dags. 18. apríl 2017, er snýr að stjórnkerfis- og lýðræðisráði vegna útgáfu úttektarskýrslu á stjórnun upplýsingatæknimála, ásamt fylgiskjöllum.
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er falið að skrá viðbrögð við ábendingu Innri endurskoðunar.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð telur tillögu um formlegan starfshóp upplýsingatæknimála jákvæða og tímabæra og tekur undir hana. Stefnumótandi ákvarðanir á þessu sviði eru mikilvægur liður í starfsemi borgarinnar og nauðsynlegt er að tryggja að þær styðji við aðra stefnumótun hennar og meginmarkmið. Borgin hefur til að mynda sett sér upplýsingastefnu og þjónustustefnu þar sem skilvirk nýting upplýsingatækni í þágu gagnsæis og þjónustuveitingu eru lykilmarkmið. Þó er bent á að nauðsynlegt er að tryggja að störf slíks starfshóps séu skilvirk í framkvæmd, með því að huga að því hvernig hann er mannaður með tilliti til fjölda fulltrúa og hversu hægt þeir eiga með að sækja fundi. Þannig mætti hugsa sér að í stað þess að skipa skrifstofustjóra fagsviða og miðlægra skrifstofa í hópinn gætu þau tilnefnt aðra fulltrúa úr sínum röðum.

5. Lögð fram til kynningar ósk um kynningu á starfsemi og verkefnum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs fyrir sendinefnd frá sveitastjórnarráðuneyti Lettlands.

Fundi slitið kl. 14.58

Halldór Auðar Svansson

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Jón Ingi Gíslason

Eva Einarsdóttir
Björn Gíslason